

Ed.

**466. Frumvarp til laga**

[243. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja hluta úr jörðinni Kollafirði í Kjalar-neshreppi, Kjósarsýslu.


Flm.: Einar Ágústsson, Axel Jónsson, Jón Árm. Héðinsson, Gils Guðmundsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Sigurjóni Guðmundssyni framkvæmdastjóra, Grenimel 10, Reykjavík, hluta, nánar tiltekið 0.53 ha. skv. meðfylgjandi upprætti, úr jörðinni Kollafirði í Kjalar-neshreppi, Kjósarsýslu. Verð jarðarhlutans fer eftir samkomulagi, en að öðrum kosti skal það ákveðið að mati tveggja dómkvaddra manna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.



### **G re i n a r g e r ð.**

Frumvarp samhljóða þessu var flutt á síðasta Alþingi, en varð þá eigi útrætt. Þá fylgdi því svofelld greinargerð:

Árið 1959 keypti Sigurjón Guðmundsson framkvæmdastjóri, Reykjavík, hluta úr jörðinni Kollafirði í Kjalarneshreppi, 3.15 ha., af þáverandi eiganda jarðarinnar, Guðmundi Tryggvasoni. Hóf hann þegar mikla trjárækt í landi sinu, og hefur hann nú gert þennan reit einn hinn fegursta í þessum landshluta, eins og allir þeir, er leið eiga um Vesturlandsveg, geta kynnt sér af eigin raun.

Nú hefur Sigurjón þegar fullræktað eignarland sitt og hefur hug á því að halda ræktun áfram, en vantar til þess nokkuð aukið landssvæði.

Spilda sú, sem hér um ræðir, er aðeins hálfur hektari og hefur engin áhrif á notagildi jarðarinnar fyrir núverandi eiganda hennar, ríkissjóð.

Flutningsmönnum finnst vel við eigandi að þakka Sigurjóni Guðmundssyni frá-bær störf hans í þágu skógræktar og landgræðslu með því að gefa honum kost á að kaupa það land, sem hann hefur hug á að eignast til áframhaldandi ræktunarstarfa.